



## SVEITARSTJÓRI FLJÓTSDALSHREPPS

Starf sveitarstjóra í Fljótsdalshreppi er laust til umsóknar. Um er að ræða fullt starf með starfsstöð á skrifstofu sveitarfélagsins í Végarði. Ráðningartímabil er frá og með 1. júní 2020 út yfirstandandi kjörtímabil sveitarstjórnar sem lýkur um mitt ár 2022.

### Starfssvið:

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar.
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnarsýslu sveitarfélagsins.
- Samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar.
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki íbúa.
- Að gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum.
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í helstu málaflokkum.

### Æskileg hæfni og menntun:

Hæfni í mannlegum samskiptum.  
Leiðtogahæfni, framkvæði og hugmyndaauðgi.  
Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.  
Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun.  
Reynsla af stjórnun og rekstri.  
Reynsla af sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnarsýslu.  
Menntun sem nýtist í starfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2020 (umsóknir póstlagðar í síðasta lagi þann dag). Umsóknum skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf um þau atriði sem talin eru upp hér að framan um æskilega hæfni og menntun.**

Umsóknir skulu sendar bréflaga og merktar þannig:

**Fljótsdalshreppur, b.t. oddvita – mál 10, Végarði, 701 Egilsstöðum.**

Upplýsingar um Fljótsdalshrepp má finna á vefsíðunni [www.fljotsdalur.is](http://www.fljotsdalur.is).

Frekari upplýsingar um starfið og sveitarfélagið veitir:

**Jóhann F. Þórhallsson oddviti, tölvupóstfang [brekkugerdi@fljotsdalur.is](mailto:brekkugerdi@fljotsdalur.is) / símanúmer 864-9080.**